Umbótaáætlun

Borgarhólsskóli
Húsavík

Svið - Nám og kennsla

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
2.1 Inntak og námskrá **Deild** Skólinn **Ábyrgð** Innra mat skóla	Námsvísar og markmið náms eru greinargóð og byggja á hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Námsvísar og áætlanir sendurspegla þessar áherslur, svo sem um eflingu læsis, skóla án aðgreiningar, kennslu í íslensku sem öðru máli og sérstakar áherslur sveitafélags.	Endurskoða og samræma námsvísa allra árganga þannig að þeir endurspegli hæfniviðmið aðalnámskrár og áherslur skólans með skýrum hætti.	31/08/2025	31/05/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Lokið	Yfirferð námsvísa á heimasíðu skólans, innlit stjórnenda í kennslustundir og könnun meðal kennara um notkun námsvísa.	Námsvísar allra árganga séu uppfærðir, birtir á heimasíðu skólans og kennarar nýti þá markvisst við skipulag náms og kynningu námsmarkmiða fyrir nemendum og foreldrum.
	Grunnþættir stýra vali á viðfangsefnum en tryggt er að jafnframt sé tekið á viðfangsefnum Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.	Samþætta heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna markvisst í námsvísum og kennsluáætlunum á öllum skólastigum.	24/08/2026	01/10/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Í vinnslu	Yfirferð námsvísa á heimasíðu skólans og innlit stjórnenda í kennslustundir.	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna séu sýnileg í námsvísum allra árganga og komi fram í kennslu og verkefnum sem nemendur vinna að yfir skólaárið.
	Í skólanámskrá er lögð áhersla á stefnu stjórnvalda, þ.m.t. menntastefnu til 2030 með tilgreindum leiðum til að mæta þeim.	Endurskoða skólanámskrá með það að markmiði að skýra hvernig skólastarfið styður við markmið menntastefnu til 2030 og önnur stefnumið stjórnvalda.	01/01/2025	01/10/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Í vinnslu	Yfirferð á uppfærðri skólanámskrá og staðfesting á að tenging við menntastefnu til 2030 sé sýnileg.	Í skólanámskrá komi skýrt fram hvernig starfshættir, áherslur og verkefni skólans styðja við markmið menntastefnu til 2030 og önnur stefnumið stjórnvalda.
2.2 Árangur náms **Deild** Skólinn **Ábyrgð** Innra mat skóla	Kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats og gerðar eru áætlanir um nám og framfarir nemanda/nemendahópa út frá niðurstöðum.	Festa í sessi reglubundna gagnagreiningu í teymum þar sem niðurstöður námsmats eru nýttar til að skipuleggja kennslu og stuðning við nemendur.	01/12/2024	28/06/2025	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Lokið	Fundargerðir teyma, yfirferð á greiningargögnum og áætlunum um eftirfylgni.	Kennarateymi hafi reglulega rýnt í niðurstöður námsmats og gert skráðar áætlanir um kennslu, stuðning eða úrræði út frá niðurstöðunum.
	Skólinn viðheldur eða bætir stöðu sína í samskiptum og líðan nemenda, þ.m.t. einelti.		01/12/2024	29/06/2025	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Lokið	Niðurstöður Skólapúlsins, könnunarinnar Ungt fólk og annarra gagna um líðan og samskipti nemenda.	Niðurstöður kannana sýni að líðan nemenda haldist stöðug eða batni og að skólastarf styðji við jákvæð samskipti og öruggt námsumhverfi.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Kennarar rýna sameiginlega í niðurstöður námsmats og gerðar eru áætlanir um nám og framfarir nemenda/nemendahópa út frá niðurstöðum.	Samræma verklag um greiningu námsmats og skráningu aðgerða sem byggja á niðurstöðum.	01/12/2024	30/05/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Lokið	Fundargerðir teyma, greiningargögn og áætlanir um eftirfylgni.	Öll kennarateymi hafi rýnt í niðurstöður námsmats og skráð aðgerðir eða breytingar á kennslu sem byggja á greiningunni.
	Viðmið um árangur sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni eru skráð og aðgengileg nemendum, foreldrum og kennurum.	Endurskoða námsvísa og tryggja að viðmið um árangur séu skýr, samræmd og aðgengileg nemendum, foreldrum og starfsfólki.	01/12/2024	30/05/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Lokið	Yfirferð námsvísa á heimasíðu skólans og könnun meðal kennara, nemenda og foreldra.	Viðmið um árangur séu birt í námsvísum allra árganga og meirihluti nemenda og foreldra telji þau skýr og aðgengileg.
	Nemendur gera eigin námsáætlanir í samvinnu við kennara og foreldra.	Innleiða verklag þar sem nemendur setja sér námsmarkmið og taka þátt í gerð námsáætlana í samvinnu við kennara og foreldra.	01/12/2024	31/10/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Ekki byrjað	Yfirferð á námsáætlunum, nemendaviðtöl og könnun meðal nemenda og foreldra.	Að minnsta kosti 80% nemenda taki þátt í gerð námsmarkmiða eða námsáætlana og geti útskýrt eigin markmið og næstu skref í námi.
	Nemendasamtöl um framgang námsins og líðan eru reglubundinn hluti af námsframvindunni.	Innleiða reglubundin nemendasamtöl sem hluta af leiðsagnarnámi þar sem rætt er um námsmarkmið, námsframvindu og líðan nemenda.	24/08/2026	31/01/2027	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Í vinnslu	Yfirferð á skráningu nemendasamtala, könnun meðal nemenda og innlit stjórnenda.	Að minnsta kosti 90% nemenda hafi átt formlegt samtal við kennara um námsmarkmið, námsframvindu og líðan á skólaárinu og geti lýst markmiðum sínum og næstu skrefum í námi.
	Litið er svo á að allir nemendur geti tekið framförum í námi og sérstök stefna um aðgerðir til að auka námsárangur nemenda liggur fyrir. Nemendur og foreldrar eru virkir þátttakendur í námsmati.	Innleiða sjálfsmat nemenda sem fastan þátt í foreldraviðtölum og efla þátttöku nemenda og foreldra í umræðu um námsframvindu og markmið.	25/08/2025	07/06/2027	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Í vinnslu	Yfirferð á framkvæmd foreldraviðtala, sjálfsmatsgögnum nemenda og könnun meðal nemenda og foreldra.	Að minnsta kosti 90% nemenda taki virkan þátt í sjálfsmati og umræðu um eigin námsframvindu í foreldraviðtölum og foreldrar upplifi sig vel upplýsta um markmið og framfarir barns síns.
	Nemendur fá tækifæri til að bæta nám sitt á grundvelli leiðsagnarmats.	Innleiða leiðsagnarmat markvisst í kennslu með áherslu á skýr námsmarkmið, reglulega endurgjöf og virka þátttöku nemenda í eigin námi.	01/01/2025	07/06/2027	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Lokið	Kennarakönnun, nemendakönnun og innlit stjórnenda í kennslustundir.	Að minnsta kosti 90% nemenda segist fá reglulega endurgjöf sem hjálpar þeim að bæta námsárangur sinn og 90% kennara telji sig nýta leiðsagnarmat markvisst í kennslu.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Niðurstöður sem fást með fjölbreyttu mati á læsi eru markvisst nýttar til að auka framfarir nemenda.	Samræma verklag um greiningu lestrargagna og eftirfylgni þannig að niðurstöður skimunar leiði markvisst til aðgerða fyrir einstaka nemendur og hópa.	01/12/2024	07/06/2027	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Lokið	Yfirferð á lestrargögnum, stuðningsáætlunum og fundargerðum læsisteymis.	Niðurstöður lestrarskimana séu greindar markvisst og fyrir liggi skráðar aðgerðir eða stuðningsúrræði fyrir þá nemendur sem þurfa á þeim að halda.
	Gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvarða í skólanámskrá.	Endurskoða skólanámskrá þannig að viðmið um námsmat og matskvarða séu skýr, aðgengileg og samræmd milli árganga.	24/08/2026	31/10/2027	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Í vinnslu	Yfirferð á skólanámskrá og könnun meðal kennara um skýrleika og notkun viðmiða um námsmat.	Í skólanámskrá komi skýrt fram viðmið um námsmat og matskvarða og kennarar nýti þau með samræmdum hætti við mat og endurgjöf til nemenda.
2.3 Gæði kennslu **Deild** Skólinn **Ábyrgð** Innra mat skóla	Nemendum er gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna.	Áminning og umræða í kennarahópnum á stigsfundum. Anna Sigrún Rafnsdóttir frá HA mun koma og hitta 1.-3. bekk í lok febrúar og fara yfir áherslur Byrjendalæsis og þar á meðal að hafa námsmarkmið sýnileg. Uppfært í des. 2025: Setja spurningu í kennarakönnun (viðmið um árangur 90% kennara svara jákvætt og þá færum við okkur upp í A)	29/06/2024	28/06/2025	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Gengur vel	Nemendakönnun, kennarakönnun og innlit stjórnenda.	Nemendur hafi reglulega val um ólíkar leiðir að námsmarkmiðum og meirihluti nemenda upplifi að tekið sé mið af styrkleikum þeirra og áhuga í námi.
	Í skólanum er ríkjandi lestrarmenning þar sem unnið er markvisst að eflingu læsis í víðu samhengi í námi, kennslu og öðru daglegu starfi (má þar nefna bókasafn, námsumhverfi, upplestrarkeppnir o.fl.)	Ræða við unglingastigskennara og kanna hvort þeir eru með hugmyndir um hvernig hægt er að vekja meiri áhuga nemenda og virkni í lestri.	01/01/2025	29/05/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Lokið	28. janúar 2025 - Farið yfir það með unglingastigi hvað verið er að gera á unglingastigi. Það kom í ljós a margt er verið að gera en þau vildu hinsvegar bæta sýnileikann m.a. setja lestur inn í Mentor og á vitnisburð, gera sýnilegt hvaða bækur kennarar lesa fyrir bekkina og láta nemendur meira segja frá því sem þeir eru að lesa.	
	Í einstaklingsnámskrám er tilhögun stuðnings við einstaka nemendur skráð og sá stuðningur er metinn reglulega. Einstaklingsnámskrá tekur mið af námsvísum og áætlunum hópsins.	Samræma verklag við gerð einstaklingsnámskráa og tryggja reglulega skráningu, eftirfylgni og mat á stuðningi nemenda.	28/06/2024	30/05/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Lokið	Yfirferð á einstaklingsnámskrám, stuðningsáætlunum og skráningu eftirfylgni.	Allir nemendur sem fá sértækan stuðning hafi einstaklingsnámskrá eða stuðningsáætlun sem er reglulega endurskoðuð og metin í samráði við kennara, sérkennara og foreldra.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Fjöltyngdir nemendur og nemendur af erlendum uppruna fá markvissa íslenskukennslu.	Efla markvissa íslenskukennslu fyrir fjöltyngda nemendur með skýru skipulagi, samstarfi kennara og sértækum stuðningi við málþroska og læsi.	29/06/2024	31/05/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Lokið	Niðurstöður námsmats, framfarir nemenda í íslensku og yfirferð á stuðningsáætlunum og námsvísum.	Fjöltyngdir nemendur fái markvissa íslenskukennslu og sýni framfarir í íslensku samkvæmt námsmati og markmiðum sem sett hafa verið fyrir hvern nemanda.
	Nám og kennsla snýst um að efla nemendur og persónumiða hæfni þeirra með sérstakri áherslu á tækni, sköpun, sjálfbærni, mannrækt, heilbrigði og velferð.	Samræma hvernig lykilhæfni, sköpun, sjálfbærni, mannréttindi og velferð birtast í skipulagi náms og kennslu.	30/06/2024	01/06/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Gengur vel	Yfirferð námsáætlana, innlit stjórnenda og kennarakönnun.	Lykilhæfni og áhersluþættir aðalnámskrár séu sýnilegir í námsáætlunum og kennslu á öllum skólastigum.
	Nám stýrist af markmiðum og hugtökum frekar en einstökum námsbókum.	Styðja kennara við að skipuleggja nám út frá hæfniviðmiðum og námsmarkmiðum fremur en einstökum námsbókum.	30/06/2024	01/06/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Gengur vel	Yfirferð námsáætlana, innlit stjórnenda og kennarakönnun.	Námsáætlanir sýni skýr tengsl við hæfniviðmið og námsmarkmið og kennarar geti lýst hvernig markmið stýra vali á námsefni og verkefnum.
	Nemendum eru skapaðar námsaðstæður og skólaumhverfi sem byggja á öryggi og námsfriði. (Þetta á við um alla starfsemi skólans s.s. nám og kennslu, skólamáltíðir, frímínútur, ferðir ofl.)	Bæta hljóðvist og námsaðstæður í skólanum með áherslu á matsal, kennslurými og önnur sameiginleg svæði þar sem þörf er á úrbótum.	30/06/2024	01/06/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Í vinnslu	Niðurstöður Skólapúlsins, nemendakannanir, ábendingar starfsfólks og úttekt á aðstæðum.	Nemendur og starfsfólk upplifi námsaðstæður sem styðja við öryggi, vellíðan og námsfrið og niðurstöður kannana sýni framfarir á þeim þáttum sem snúa að námsumhverfi og vinnufriði.
	Nemendur fást við krefjandi viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins þar sem séð er til þess að bráðgerir nemendur fái námstækifæri til jafns við aðra.	Auka fjölbreytni í viðfangsefnum fyrir nemendur sem hafa náð námsmarkmiðum sínum, með áherslu á skapandi, tæknileg og dýpkandi verkefni.	30/06/2024	01/06/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Í vinnslu	Kennarakönnun, nemendakönnun og innlit stjórnenda í kennslustundir.	Kennarar geti sýnt fram á fjölbreytt viðfangsefni fyrir nemendur með ólíkar þarfir og meirihluti nemenda upplifi að verkefni hæfi getu þeirra og áskorunum.
	Nemendur taka þátt í ákvörðunum um viðfangsefni og skipulag í námi hópsins.	Skapa markviss tækifæri fyrir nemendur til að hafa áhrif á val verkefna, viðfangsefna og skipulag náms innan ákveðins ramma.	30/06/2024	01/06/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Ekki byrjað	Nemendakönnun, innlit stjórnenda og yfirferð kennsluáætlana.	Meirihluti nemenda upplifi að þeir hafi raunveruleg tækifæri til að hafa áhrif á verkefni, vinnubrögð eða skipulag náms.
	Nemendur þekkja eigin námsstíl og hafa val um margvíslegar leiðir að markmiðum sínum.	Auka val nemenda um leiðir til náms og verkefnavinnu og efla kennsluhætti sem taka mið af fjölbreyttum styrkleikum, áhugasviðum og námsþörfum nemenda.	30/06/2024	01/06/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Í vinnslu	Nemendakönnun, kennarakönnun og innlit stjórnenda í kennslustundir.	Nemendur hafi reglulega val um ólíkar leiðir að námsmarkmiðum og meirihluti nemenda upplifi að tekið sé mið af styrkleikum þeirra, áhuga og námsþörfum í námi.

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Nemendur vinna saman að úrlausn verkefna og fá tækifæri til þess að ígrunda nám sitt.	Auka markvisst samvinnunám og tækifæri nemenda til að rökstyðja hugmyndir sínar og lausnir í námi.	30/06/2024	01/06/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Gengur vel	Innlit stjórnenda, nemendakönnun og yfirferð verkefna.	Nemendur fái reglulega tækifæri til samvinnu og umræðu um lausnir verkefna á öllum skólastigum og meirihluti nemenda upplifi að þeir geti komið hugmyndum sínum á framfæri í námi.
	Skólinn viðheldur eða bætir stöðu sína hvað varðar lesfimi nemenda út frá niðurstöðum lesfimiprófs og matsramma fyrir lesfimi sem gefin eru út af MMS.	Greina niðurstöður lesfimiprófa árlega og nýta þær markvisst til að skipuleggja kennslu, stuðning og umbætur í lestrarkennslu.	01/01/2025	01/06/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Lokið	Yfirferð á niðurstöðum lesfimiprófa, matsramma fyrir lesfimi og greiningu læsisteymis.	Niðurstöður lesfimiprófa sýni að skólinn viðheldur eða bætir árangur nemenda milli ára og að markviss viðbrögð séu skráð þegar niðurstöður gefa tilefni til.
2.4 Skipulag náms **Deild** Skólinn **Ábyrgð** Innra mat skóla	Verkefni nemenda taka gjarnan mið af áhugasviði þeirra, verkefnin eru sýnileg og hluti af menningu skólans.	Efla sýnileika verkefna nemenda og fjölga tækifærum þar sem nemendur geta unnið verkefni út frá áhugasviði sínu.	30/08/2025	30/05/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Gengur vel	Kennarakönnun, innlit stjórnenda og yfirferð á sýnileika verkefna í skólanum og á miðlum hans.	Meirihluti kennara og nemenda telji að verkefni taki mið af áhugasviði nemenda og að afrakstur náms sé sýnilegur í skólasamfélaginu.
	Formleg leiðbeinandi samtöl fara fram á milli kennara og nemenda um nám og námsframvindu nemandans.	Innleiða reglubundin leiðsagnarsamtöl þar sem rætt er um námsmarkmið, námsframvindu og næstu skref í námi nemenda.	01/01/2026	10/06/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Í vinnslu	Kennarakönnun, nemendakönnun og yfirferð á framkvæmd nemendasamtala.	Að minnsta kosti 80% kennara og nemenda staðfesti að formleg leiðsagnarsamtöl um námsframvindu fari reglulega fram.

Svið - Stjórnun og fagleg forysta

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
1.2 Faglegt samstarf og samræða **Deild** Skólinn **Ábyrgð** Innra mat skóla	Með reglubundnum hætti gera kennarar stjórnendum grein fyrir á hvern hátt þeir auka gæði náms og kennslu.	Innleiða reglubundna umræðu í starfsmannasamtölum um hvernig kennarar stuðla að framförum nemenda og þróun kennsluhátta.	01/01/2026	08/06/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Lokið	Yfirferð á verklagi starfsmannasamtala og skráningu umræðuatriða í viðtölum.	Í a.m.. einu starfsmannasamtali sé rætt með markvissum hætti um hvernig kennarar styðja við námsframfarir nemenda og þróun kennslu, og niðurstöður nýttar við starfsþróun og skipulag næsta skólaárs.
	Stjórnendur og kennarar þekkja og eru meðvitaðir um þá faglegu hæfni og færni sem tilgreind er í reglugerð með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn-, og framhaldsskóla.	Kynna hæfniramma kennara og stjórnenda markvisst fyrir starfsfólki og tengja hann við starfsþróun, starfsmannasamtöl og faglega ígrundun.	01/01/2026	09/06/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Í vinnslu	Starfsmannakönnun og yfirferð á starfsmannasamtölum.	Að minnsta kosti 90% kennara segist þekkja hæfniramma kennara og stjórnenda og geta lýst hvernig hann tengist eigin starfsþróun og faglegu starfi.
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu **Deild** Skólinn **Ábyrgð** Innra mat skóla	Innra mat nær til frístundastarfs og gæðaviðmið MMR/Reykjavíkurborgar (eða sambærilegt) nýtt til innra og ytra mats	Þróa gæðaviðmið fyrir frístundastarf, leggja fyrir innra mat á starfseminni og samþætta matið við langtímaáætlun og matsáætlun skólans.	06/01/2026	10/01/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Í vinnslu	Staðfest með langtímaáætlun, matsáætlun og niðurstöðum innra mats á frístundastarfi.	Innra mat á frístundastarfi 1.–4. bekkjar hafi farið fram samkvæmt matsáætlun og niðurstöður þess nýst við gerð umbótaáætlunar fyrir næsta skólaár.
	Litið er á foreldra sem mikilvæga þátttakendur í ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólastarfs.	Skapa fleiri og markvissari tækifæri fyrir foreldra til þátttöku í umræðu og ákvarðanatöku um þróun skólastarfs.	06/01/2026	10/01/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Gengur vel	Yfirferð á fundargerðum skólaráðs, foreldrakönnunum og þátttöku foreldra í samráðsferlum.	Foreldrar hafi fengið að minnsta kosti eitt skipulagt tækifæri á skólaárinu til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um þróun skólastarfs og niðurstöður þeirra hafi verið nýttar við ákvarðanatöku eða umbætur.
	Skólinn kynnir foreldrum sameiginlega ábyrgð á jákvæðum skólabrag sbr. reglugerð.	Gera sameiginlega ábyrgð heimila og skóla á jákvæðum skólabrag sýnilegri með markvissri kynningu á hlutverki foreldra í skólasamfélaginu.	06/01/2026	10/06/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Í vinnslu	Yfirferð á glærupakka haustfunda.	Upplýsingar um sameiginlega ábyrgð heimila og skóla á jákvæðum skólabrag séu kynntar á öllum haustfundum og aðgengilegar foreldrum í kynningarefni skólans.

Svið - Innra mat

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
3.2 Framkvæmd **Deild** Skólinn **Ábyrgð** Innra mat skóla	Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer reglulega fram, s.s. með mati skólastjóra á kennslu, jafningjamati kennara og mati á nýjungum í kennsluháttum.	Innleiða reglubundið jafningjamat og faglega endurgjöf milli kennara sem hluta af starfsþróun og gæðastarfi skólans.	01/09/2025	01/06/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Í vinnslu	Skráning á jafningjamati, þátttaka kennara og könnun meðal starfsfólks.	Að minnsta kosti 80% kennara taki þátt í jafningjamati eða faglegri endurgjöf á skólaárinu og telji það styðja við þróun kennsluhátta sinna.
	Stuðlað er að því að starfsfólk skóla fái tækifæri til að efla hæfni sína í innra mati.	Bjóða starfsfólki fræðslu og þátttöku í framkvæmd og greiningu innra mats til að efla þekkingu og ábyrgð á matsstarfi skólans.	01/09/2025	01/06/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Í vinnslu	Skráning á fræðslu, þátttöku starfsfólks og starfsmannakönnun.	Meirihluti starfsfólks taki virkan þátt í innra mati skólans og telji sig hafa nægа þekkingu til að leggja sitt af mörkum við framkvæmd og greiningu matsins.
3.3 Umbætur **Deild** Skólinn **Ábyrgð** Innra mat skóla	Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru.	Skilgreina markvissar umbótaaðgerðir fyrir alla þætti sem fá ábótavant mat eða ná ekki settum viðmiðum.	01/09/2025	01/06/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Gengur vel	Samanburður á niðurstöðum innra mats og umbótaáætlun skólans.	Allir þættir sem fá ábótavant mat eða ná ekki viðmiðum birtist í umbótaáætlun með skýrum aðgerðum, ábyrgðaraðilum og tímasetningum.
	Umbóta- og þróunaráætlun í kjölfar innra mats liggur fyrir og eftirfylgni vöktuð og tilgeint hvernig á að meta árangur aðgerða.	Endurskoða umbótaáætlun þannig að fyrir allar aðgerðir liggi fyrir skýr viðmið um árangur, ábyrgð og eftirfylgni.	01/09/2025	01/06/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Gengur vel	Yfirferð umbótaáætlunar og stöðuskýrslna um framgang umbóta.	Fyrir allar umbótaaðgerðir liggi fyrir skilgreind viðmið um árangur og regluleg skráning á stöðu og framvindu þeirra.
	Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.	Festa í sessi reglubundna eftirfylgni með umbótum á fundum matsteymis og stjórnenda.	01/09/2025	01/06/2026	Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Gengur vel	Fundargerðir matsteymis, stöðumat umbóta og árleg yfirferð umbótaáætlunar.	Framvinda allra umbótaaðgerða sé yfirfarin að minnsta kosti tvisvar á skólaári og niðurstöður skráðar og nýttar við næstu umbótaáætlun.